



## Launþegum fækkar mikið í lykilgreinum

### Fólki á vinnumarkaði fjölgar ekki lengur

Samkvæmt tölum Hagstofunnar fækkaði launþegum hér á landi um rúmlega 1% milli september 2018 og 2019. Eins og vænta má eru breytingarnar mismunandi eftir atvinnugreinum. Mest var hlutfallsleg fækkun í greinum tengdum flugi, en einnig fækkaði töluvert í mannaflsfrekum greinum eins og flutningum og geymslu, mannvirkjagerð og veitingarekstri.

Sé litið til hlutfallslegrar fjölgunar á sama tímabili er hún mest í fræðslustarfsemi og opinberri þjónustu. Þar á eftir koma rafmagns- og hitaveitur og heilbrigðis- og félagsþjónusta.

Þarna er einungis um að ræða samanburð á milli tveggja tímapunkta fyrir mis mannfreakar greinar þannig að þessar myndir sýna aðeins hluta af sögunni.

### Þróun á fjölda launafólks yfir tíma


Hér verða sýndar breytingar í fjölda launþega síðustu ár fyrir nokkrar valdar greinar sem hafa verið mikið í umræðunni. Litið verður á allan markaðinn: viðskiptahagkerfið, íbúðabyggingar, fjármála- og tryggingastarfsemi, fræðsla og opinbera þjónustu og að lokum einkennandi greinar ferðaþjónustu.

Séu allar þessar greinar skoðaðar saman kemur mikill breytileiki í ljós. Greinilegt er að mestar sviptingar hafa verið í íbúðabyggingum og ferðaþjónustu á þessu tímabili, sem kemur ekki á óvart. Þróunin í hinum greinum hefur verið öllu jafnari.

### Sveifla í ferðaþjónustu og íbúðabyggingum

Launþegum í einkennandi greinum ferðaþjónustu tók að fækka frá fyrra ári strax í febrúar 2019 eftir að dregið hafði stöðugt úr fjölgun í greininni frá því í upphafi ársins 2017. Nú í september voru u.þ.b. 2.100 færri launþegar í þessum greinum en var í janúar, sem er um 8% fækkun.

Mest fækkun launþega  
- sept. '18 - sept. '19




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Mest fjölgun launþega  
- sept. '18 - sept. '19



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Árlegar breytingar á fjölda launþega



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Launafólki við íbúðabyggingar fór fyrst að fækka í ágúst, um 1,4% og fækkaði svo aftur um 5,6% nú í september.

Þróunin yfir tíma er svipuð í þessum tveimur greinum á tímabilinu. Sveiflan í íbúðabyggingum er reyndar mun meiri á þessu tímabili og enn meiri munur er ef litið er lengra aftur í tímann. Samanborið við viðskiptahagkerfið má glöggjt sjá að fjölgun launafólks í þessum tveimur greinum er töluvert frábrugðin því sem var að gerast á markaðnum bróðurpart þessa tíma, þó að þróunin niður á við á síðustu mánuðum sé keimlík.


### Aðrar greinar í meira jafnvægi

Sé litið á aðrar greinar í þessu úrtaki má sjá að þróunin er öllu jafnari og þarf þá að hafa í huga að annar kvarði er á þeirri mynd en þeim fyrri. Fræðsla og opinber þjónusta sker sig nokkuð úr með miklar sveiflur og töluverða fjölgun í seinni tíð. Sama má segja um fjármála- og tryggingakerfið. Þar eru sveiflur töluverðar, en þó jöfn fækkun yfir lengri tíma: línan er yfirleitt fyrir neðan núllið. Fækkunin á síðasta ári er t.d. 3,3%.

### Miklar sveiflur og þróun niður á við


Þessi stutta yfirferð sýnir íslenskan vinnumarkað í hnotskurn. Einstakar greinar geta tekið mikil stökk á stundum hvað vinnuafslnotkun varðar, bæði upp á við og niður á við. Það kemur ekki á óvart að þróunin hefur verið nokkur niður á við á síðasta ári og rímar 3,9% fækkun launþega í viðskiptahagkerfinu ágætlega við þróunina í hagkerfinu á þessu ári.

Fjöldi launþega



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Fjöldi launþega



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.